

Ársskýrsla 2018



Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2018.

Skipulag og innihald byggir á forskrift frá mennta- menningarmálaráðuneyti sent skólameisturum 22.2. 2013 og nefnist *Innhald og lengd á ársskýrslum*.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2018 voru nemendur við skólann 190. Þar af var 91 karl og 99 konur. Um 43% nemenda voru 20 ára og eldri og 42% búsett utan sveitarfélagsins. Rúmlega 40% nemenda voru á stúdentsprófsbrautum, tæp 10% á framhaldsskólabraut og heldur fleiri eða um 10% í starfsnámi. Um 40% nemenda voru í ótilgreindu námi og þá oftast fjarnemendur í einum til tveimur áföngum. Á vorönninni var 21 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 12 og í hlutastarfi voru 5. Aðrir starfsmenn voru 4 og þar af 2 í fullu starfi og auk þess eru 2 húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrifum í skólanum.

Á haustönn 2018 var 171 nemandi við skólann og á starfsmannalistanum voru 23 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 14 og 4 eru í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 3 og 2 að auki í hlutastarfi. Auk þess eru í Nýheimum 2 húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting nemenda var þannig að 88 karlar og 83 konur voru á nemendalista. Um 44% nemenda voru 20 ára og eldri og um 40% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 93 alls. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 14 nemendur, 18 í starfsnámi og 46 í ótilgreindu námi.

Námsframboð:

Námsframboð skólans árið 2018 var bæði hefðbundið og endurspeglar skóla í stöðugri þróun. Boðið er upp á nám til framhaldsskólaprófs og stúdentsprófs auk starfsnáms. Starfsnám í boði árið 2018 var tækniteiknun, fiskvinnslunám, fjallamennska og vélstjórn á vorönn en á haustönn var í boði námi í fjallamennsku, vélstjórn og lyfjatækni.

Nám til framhaldsskólaprófs var með óbreyttu skipulagi en vinna var í gangi varðandi námsframvindu með það að markmiði að fjölga þeim sem útskrifast á fjórum önnum.

Nám á hug- og félagsvísindabraut og náttúru- og raunvísindabraut var einnig með hefðbundum hætti. Í námi til stúdentsprófs er það helst nám á kjörnámsbraut sem er að þróast og breytast. Eftir að list- og menningarsviði var komið á fót sem mögulegri leið á kjörnámsbraut haustið 2017 þá hafa verið að þróast fleiri skilgreind svið kjörnámsbrautar. Segja má að þegar hafi verið til staðar fjallamennskusvið þar sem 60 fageiningar í fjallamennsku voru skilgreindar sem mögulegt sérsvið kjörnámsbrautar. Með svipuðum hætti

hefur A-stig vélstjórnar verið mögulegt sérsvið, öll brautin eða hluti af henni. Upp úr þessum jarðvegi hefur sprottið íþróttasvið þar sem raðað hefur verið saman áföngum sem metnir eru heppilegir fyrir nemendur sem leggja áherslu á íþróttatengt nám. Nú má því segja að boðið sé upp á fjögur misvel skilgreind svið á kjörnámshraut en auk þess er boðið upp á sérsniðna sérhæfingu líkt og áður.

Námi í tækniteiknun lauk á vorönn 2018 en hafði þá verið í boði í samvinnu við Tækniskólann frá haustönn 2014. Skipulag tækniteiknunarnámsins varð til í tengslum við samstarf og umræður innan Fjarmenttaskólans, samstarfsvettvangs landsbyggðarframhaldsskóla, sem ein af mörgum tilraunum til að bæta aðgang fólks á landsbyggðinni að starfsnámi. Samstarfið við Tækniskólann gekk vel en nemendur urðu heldur færri en vonir voru bundnar við. Tækniskólinn sá að mestu um kennsluna en FAS um skráningu og skipulag námsframboðs.

Nám á fiskvinnslubraut hófst á haustönn 2016 í samvinnu við Fisktækniskólann og Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi í kjölfar raunfærnimats á vormánuðum árið 2016. Margir luku náminu og útskrifuðust á vorönn 2018 þannig að brautin var ekki formlega í boði á haustönn 2018. Nemendur sem eiga eftir að ljúka náminu eru þó aðstoðaðir við það í samvinnu við Fisktækniskólann.

Fjallamenskunámið á vorönn var seinni önnin í tveggja anna skipulagi sem tekið var upp á haustönn 2017. Á vorönninni var jafnframt unnið að kynningu á náminu. Námið var kynnt sérstaklega í framhaldsskólakynningu fyrir grunnskólanemendur í Laugardalshöllinni í mars; búið var til myndband og í umsóknarviðtölum við grunnskólanemendur var fjallamenskunámið kynnt sérstaklega. Kynningarstarfið skilaði sér í töluvert fleiri umsóknum en undanfarin ár og þá einkum frá grunnskólanemendum af svæðinu en einnig frá eldri nemendum. Margir eldri nemanna hættu þó við námið áður en það hófst og nemendahópurinn endaði því með óvenju hátt hlutfall ungra og reynsluminni nemenda en fram að þessu höfðu reynslumiklir nemendur verið uppistaðan í nemendahópnum.

Nám í vélstjórn var með hefðbundnu sniði að mestu. Á haustönn var þó komið frá Tækniskólanum nýtt skipulag A-stigs vélstjórnar með nýjum áföngum samkvæmt aðalnámskrá frá 2011. Sambærilegir áfangar og eldra skipulag hafði gert ráð fyrir voru þó kenndir á haustönninni með svipuðum hætti.

Á haustönn var boðið upp á nám í lyfjatekni í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og byggt á samstarfssamningi sem Fjarmenttaskólinn gerði við FÁ. Færri nemendur skráðu sig í námið en vonir stóðu til og því var miðað meira við fyrirbyggjandi framboð FÁ til að ná viðunandi hagkvæmni í kennslu og námsframboði.

Framkvæmd markmiða skólans samkvæmt *Stefnuskjali 2018-2020* sem byggt er á lögum um opinber fjármál.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti fram þrjú meginmarkmið fyrir framhaldsskóla samkvæmt lögum um opinber fjármál.

1. *Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og eða atvinnulífs.*
2. *Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.*
3. *Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.*

Á grundvelli þessara markmiða sett skólinn fram markmið í stefnuskjali skólans 2017-2019. Fyrir hvert markmið eru settar fram þrjár aðgerðir

1. *Treysta starfsgrundvöll skólans*
 - a. *Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu. Einkum lögð áhersla á kennslumyndbönd, reglulega fundi og bættu umsjón.*
 - b. *Miðla nemendum og kennslu í gegnum Fjarmenntaskólann*
 - c. *Styrkja list- og verknám í Vöruhúsinu með aukinni samvinnu á milli kennara og með því að festa þá í sessi*
2. *Auka framboð starfsnáms*
 - a. *Verknámsaðstaða í Vöruhúsi fyrir matreiðslu og matarsmiðju*
 - b. *Nám í gegnum Fjarmenntaskólann í samvinnu við móðurskóla námssviða*
 - c. *Starfsnám í ferðaþjónustu, sjávarútvegi og verslun*
3. *Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi*
 - a. *Aukið samstarf við foreldra nemenda á framhaldsskólabraut*
 - b. *Bæta umsjónarkerfi á stúdentsbrautum og auka þar ábyrgð nemenda*
 - c. *Bæta verkefnaskil nemenda með auknu aðhaldi og samráði kennara*

Í stefnuskjalinu fyrir árin 2018-2020 eru einnig sett fram tvö markmið undir liðnum rekstrarþættir þar sem fjallað er um starfsmannamál og aðgerðir þeim tengdum.

1. *Að hækka hlutfall fastráðinna starfsmann í fullu starfi í stoðþjónustu*
 - a. *Skoða samþættingarmöguleika við sambærilega starfsemi í Nýheimum*
 - b. *Fastráða í fullt starf eða úthýsa til Nýheima*
2. *Styrkja faglega hæfni starfsmanna*
 - a. *Sameiginlegt starfsmannanámskeið á hverju starfsári*
 - b. *Auka endurmenntun starfsmanna*

Mælingar á ofangreindum markmiðum eru settar fram í sjálfsmatsskýrslu skólaárið 2018 – 2019. Framvegis verður stefnuskjalið einvörðungu til umfjöllunar í ársskýrslu. Á árinu 2018 gekk ágætlega að vinna með markmið 1 að *treysta starfsgrundvöll skólans*. Frá árinu 2016 til ársins 2018 hefur nemendaígildum fjarnema fjölgað úr 12 í 27 og í list- og verknámi úr 7 í 33. Sama má segja um markmið 2 að auka námsframboð starfsnáms en nemendaígildum starfsnámsnemenda hefur fjölgað úr 11 í 27 frá árinu 2016 til ársins 2018. Árangur við að ná markmiði 3 um fjölgun þeirra sem ljúka námi á tilskyldum tíma er ekki jafn afgerandi. Tekist hefur að fjölga nemendum á framhaldsskólabraut sem ljúka námi á fjórum önnum úr 0% í 11% frá árinu 2017 til 2018. Þess ber þó að geta að í fámennum skóla valda fáir nemendur miklum sveiflum varðandi árangur. Hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á 6

önnum lækkaði hins vegar frá 2017 til 2018 úr 53% í 38%. Hér er greinilega verk að vinna. Ekki eru lengur gerðar mælingar á heildar verkefanskilum nemenda. Erfitt reynist að fá áreiðanlegar niðurstöður hvað það varðar.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er fámennur framhaldsskóli og störf utan kennslu eru fá. Á undanförunum árum hefur verðið skoðað hvort samþætta mætti störf sem lítið tengjast kennslu við sambærileg störf annarra í Nýheimum. Í *stefnuskjali* er markmið um að hækka hlutfall fastráðinna starfsmanna í fullu starfi í stoðþjónustu. Það hefur gengið eftir og frá 2016 til 2018 hefur hlutfallið farið úr 25% í 60%. Annað markmið í stafsmannamálum er að styrkja faglega hæfni starfsmanna. Annars vegar með því að hækka hlutfall starfsmanna á sameiginlegum námskeiðum og hins vegar með því að fjölga þeim sem fara á eitt eða fleiri námskeið á hverju starfsári. Ágætlega hefur gengið að samkvæmt mælikvarðanum um sameiginleg námskeið. Hlutfallið hefur farið frá 35% árið 2016 í 60% 2018. Sameiginlegu námskeiðin árið 2018 voru heimsókn í Verkmenntaskóla Austurlands í lok maí og námskeið um miðjan ágúst um vinnuumhverfi frá Vinnueftirliti ríkisins. Ekki náðist að taka saman tölur um hinn mælikvarðann þannig að gögn um það hve hátt hlutfall starfsmanna fór á eitt námskeið eða fleiri á árinu 2018 liggja ekki fyrir.

Mat: Sjálfsmat og ytra mat

Sjálfsmatsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og birt á vef skólans. Þar er greint frá skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni sjálfsmats. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2018-2019 er gerð grein fyrir niðurstöðum markmiða *stefnuskjals*, sem byggir á lögum um opinber fjármál fyrir árið 2018. Niðurstaða þess er rakin og rædd hér í kaflanum fyrir framan. Framvegis verður stefnuskjalið eingöngu til umfjöllunar í ársskýrslu en ekki í sjálfsmatsskýrslu.

Á haustönn 2018 gerði *Rannsókn og greining* rannsókn meðal framhaldsskólanema. Skýrsla var send skólanum um vor 2019 og tekin þá til umfjöllunar. Almennt má segja að staðan varðandi neyslu áfengis í FAS hafi batnað þó ekki sé hún góð miðað við það sem gengur og gerist í öðrum skólum. Mest afgerandi niðurstaða skýrslunnar var staða stráka í FAS. Um 35% stráka í FAS finnst námið tilgangslaust en sambærileg tala fyrir landið í heild er 10%. Um 65% stráka í FAS leiðist námið en sambærileg tala fyrir landið í heild er 27%. Viðbrögð við þessari niðurstöðu verða reifuð í næstu sjálfsmatsskýrslu.

Afkoma, rekstrarstaða:

Samkvæmt ársreikningi 2018 voru tekjur 233.543.386,- kr. en gjöld 229.096.488,- kr. Tekjur umfram gjöld voru því um ein og háf milljón sem hlýtur að teljast viðunandi. Launakostnaður var um 178 milljónir og um 76% gjalda en annar rekstur um 48 milljónir. Rekstur skólans á undarförnum árum hefur gengið vel og safnast hefur upp rekstrarafgangur og handbært fé sem um áramót var um 16 milljónir.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2017 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfsvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

Samvinna við aðra:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulegar aðstæður þar sem stafssvæði hans eru um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2300 manns. Í rúmlega 30 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði. Lykilatriði í því sambandi er samvinna af margvíslegum toga. Undanfarin ár hefur skipulag samvinnunnar hverfst í kringum þrjár stoðir, það er að segja Nýheima, Vöruhúsið og Fjarmentaskólann. Samvinna innan allra þessara stoða hefur verið að eflast undanfarin ár og hún hefur gert skólanum kleift að vaxa og dafna með þeim hætti sem raun ber vitni. Til viðbótar hefur erlent samstarf í gegnum tíðina verið mikilvægur hluti náms og kennslu við skólann. Slíkt samstarf hefur einnig verið að aukast undanfarin ár. Verkefninu „*Sharing competencies in entrepreneurial learning, connecting theory with practise*“ lauk á vorönn 2018. Það verkefni var Erasmus+ nemendaskiptaverkefni með skólum í Eistlandi, Lettlandi, Grikklandi og Ítalíu með áherslu á frumkvöðlanám þar sem nemendur þróa vöru sem þeir selja síðan á nemendafyrirtækjamarkaði í Lettlandi. Á

haustönninni var einnig haldið áfram að vinna með sömu skólunum með nýju Erasmus+ verkefni sem fékk heitið „*Cultural heritage in the context of students' careers*”. Áætlað er að því verkefni ljúki á vorönn 2020. Í því verkefni er verið að vinna með menningararfleifð þátttökulandanna. Haldnar eru fimm smiðjur, ein í hverju landi, þar sem nemendur allra landanna vinna saman í eina viku. Í smiðjunum eru ferðir með leiðsögn sem byggja á menningu þess lands sem heimsótt er.

Haldið var árfarm með Advent verkefnið. Það hófst haustið 2017 og er þriggja ára samstarfsverkefni átta aðila í Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi um þróun náms fyrir starfendur í afþreyingarferðajónustu. Verkefninu er stýrt af FAS og heiti verkefnisins er: *Adventure tourism in vocational education and training*. Unnið var að samþættingu verkþátta og samstarfsaðila á vorönn. Í hverju landi eru menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og samstarfshattur fyrirtækja í ævintýraferðajónustu. Alls verða haldin níu námskeið sem sniðin eru að þörfum þeirra sem þegar eru starfandi í ævintýraferðajónustu. Fyrstu tvö námskeiðin fóru fram seinni hluta ársins, annað í Finnlandi og hitt í Skotlandi og þá með þátttakendum frá þjóðunum þremur og aðkomu mæði mennta- og rannsóknastofnana.

Á haustönn 2018 fór af stað verkefnið „En god nabo er guld værd” þar sem FAS var að vinna með skóla í Danmörku sem heitir Faarevejle Efterskole. Verkefnið var styrkt af Nordplus og tengt við Etwinning. Unnið var með tengsl Danmerkur og Íslands á haustönninni en á vorönn 2019 var unnið með sjálfbærni.

Á haustönn var gert samkomulag við körfuknattleiksdeild Ungmennafélagsins Sindra um að taka upp, streyma á netinu og taka viðtöl við leikmenn í tengslum við heimaleiki meistaraflokks karla. Þetta verkefni var tengt við fjölmiðlafræðikennslu og tækninám á lista- og menningarsviði.

Óformlegt samstaf við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga er einnig töluvert. Meðal annars vegna viðleitni skólans til að efla starfsnám með tengsl inn á vinnustaði á svæðinu, ekki hvað síst í ferðajónustu.

Veitingasala

Starfsemi veitingasölu Nýheima lá niðri skólárið 2017-2018 en á vorönn var unnið að því koma henni aftur af stað. Ákveðið var að í stað þess að selja stakar máltíðir þá væri boðið upp á áskrift í önn eða tíu miða kort. Leitað var eftir stuðningi Sveitarfélagsins Hornafjarðar á þeim forsendum að allir starfsmenn Nýheima og Ráðhússins (sem er í nokkurra metra fjarlægð frá Nýheimum) hefðu kost á að nýta sér veitingaþjónustuna. Einnig á þeim forsendum að heilbrigð ungmenni væri mál alls samfélagsins. Starfsemi *Veitingasölnnar* fór af stað á haustönn 2018 með vilyrði um stuðning frá Sveitarfélaginu. Fyrirkomulagið gafst vel og eru vonir bundnar við að festa það í sessi.

Apríl - október 2019, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari